



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar**

Í sögu lands og þjóðar eru margar minnisverðar frásagnir um hörð glímutök manns og náttúru, um erfiða hrakninga á heiðum og öræfum, um veðraskipti sem á snöggu augabragði breyta friðsælli för í lífshættu. Allt þetta hefur með sérstæðum hætti mótað líf í landi og sjálfsvitund okkar Íslendinga.

Við þekkjum sögur um hetjulega baráttu, fórn og mannskaða, um sorgina sem leggst eins og mara yfir mannfélagið þegar þungbærar fréttir berast, þegar váleg tíðindi um hamfarir náttúru eða slys taka öll völd í lífi þjóðarinnar.

Á hættustundum á þjóðin eina sál, einn vilja, og byggðarlögin sameinast um liðssöfnun til bjargar. Örlög eins verða baráttu okkar allra.

Þessi samvitund Íslendinga hefur reynst sterkasta stoðin í öfluglu starfi og afrekasögu slysavarnardeilda og björgunarsveita sem í byggðarlögum um landið allt hafa orðið kjarninn í samstöðu íbúanna, leyst úr læðingi afl ólíkra einstaklinga og bundið bönd tryggðar og hollustu milli fólks af ólíkum stéttum, einstaklinga með mismunandi skoðanir og lífsstefnu.

Í dögun nýrrar aldar mun Slysavarnarfélagið Landsbjörg skipa öllum þeim sem til hjálpar vilja koma í sterka fylkingu og hleypa þannig nýjum þrótti í viðleitni okkar til björgunar og varnarstarfs.

Það þarf djörfung, framsýni og ríkan samstarfsvilja til að ryðja braut breytingum sem felast í samruna þeirra rótgrónu samtaka sem standa að stofnun Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

Íslendingar hylla Slysavarnarfélagið Landsbjörg, þakka fórnfúst og giftudrjúgt starf og óska félaginu farsældar um alla framtíð.

Árangur félagsins mun færa þjóðinni heill og hamingju. Starf Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og hollur málstaður verður ungu fólki

leiðarljós sem lýst getur alla ævina, sýnir að gæfan felst í heilbrigðum leik og þjálfun með góðum félögum þar sem gleðin er einlæg og hrein.

Ég færi Slysavarnarfélaginu Landsbjörg árnaðaróskir íslenskrar þjóðar við upphaf nýrrar starfstíðar.

(undirskrift)